

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 3. júlí 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Tryggvi Eiríksson, Einar Pétur Eiríksson og Árni Sverrisson.

Á fjarfundi: Vignir Traustason, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Jón Frímann Eiríksson, Heimir Karlsson og Kristinn Hólm

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Sameining Vísis og FS.

ÁS tilkynnti um að sameining Vísis og FS væri um garð gengin. ÁS hringdi í Sigurð Jónsson áheyrnarfulltrúa Vísis sem staddur var erlendis og var hann með á fundinum. Farið var yfir vinnuna við sameininguna og eru Vísismenn ánægðir með hana. ÁS sagði frá skoðun á sumarbústaði Vísis í Brekkuskógi sem FS hefur þegar tekið yfir. Sumarbústaðurinn verður leigður út í nafni félagsins og settur inn á heimasíðuna. Sigurður sagði frá stöðunni á eignum Vísis, bæði í Brekkuskógi og eins íbúðinni á Akureyri. ÁS sagði að við hefðum verið með þrjár íbúðir á Akureyri, nú væru þær orðnar fimm með íbúð Vísis, spurning hvort það ætti að selja hana í því ástandi sem hún er í dag. ÁS lagði til að hann skoði málið og kanni hver verðmiðinn er á þær eignir sem hugsanlega yrðu seldar. Pálmi lagði til vegna samlegðaráhrifa að dreifa ekki bústöðum á fleiri staði frekar að þetta svæðið. Heimir sagði ástand á Sæbóli á Laugarvatni ekki boðlegt, margt ábótavant, það vantar áhöld, rúmdýnir lélegar, niðurfall stíflað o. fl. Mikið rætt um fyrirkomulag á útleigu sumarbústaða og staðsetningu. Friðrik leggur til að haldin verði loggbók um ástand bústaðanna og menn færi inn í það eftir veru í sumarbústaðina, það var samþykkt. Siggí lagði til að stofnuð yrði orlofsnefnd sem færi yfir sumarbústaðina á hverju vori og tæki þá út. Menn voru sammála því.

Siggí sagði frá skrifstofuhúsnæði Vísis í Keflavík. Húsnæðinu vr sagt upp frá og með 1 okt. Tæma þarf skrifstofuna, ÁS sagði að Jóhannes fyrrverandi formaður Vísis myndi gera það.

2. Framhald umræðu um mönnun á skrifstofu. Ákveðið að starfsmenn yrðu þrír, ÁS myndi jafna álagi á milli starfsmanna.

3. Yfirlit yfir styrki ofl.

Formaður fór yfir styrkina og útskýrði. Rætt um að stilla kostnaði í hóf, td. kostnaði vegna gjafa happdrætti og golfmót. Ákveðið var að yfirlitið verði sent til stjórnarmanna til fyrirferðar og ákvarðanir teknar eftir nánari skoðun.

4. Önnur mál.

Íbúðamál og orlofshús.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:10

Árni Sverrisson formaður

Páll Ægir Pétursson fundarritari